


# Fjallabyggð



Fjallabyggð, 12. júní 2019  
Nr. erindis 1905014 / IS

## Umsögn

Efni: Samningur við Skógræktarfélag Ólafsfjarðar

Þann 14. maí 2019 barst erindi frá Önnu Maríu Guðlaugsdóttur f.h. Skógræktarfélags Ólafsfjarðar þar sem lagður er fram uppdráttur vegna landssvæðis sem félagið óskar eftir. Ekki er búið að taka úr eignalönd og svæði sem notað er undir skíðasvæði. Landsvæðið sem um ræðir nær frá Brimnes í norðri að Hlíðarlæk í suðri. Miðað er við fjárgirðingu að ofan og niður að byggð. Einnig eru lögð fram drög að þríhliða samning milli Fjallabyggðar, Skógræktarfélags Ólafsfjarðar og Skógræktarfélags Íslands. Með þessum nýja samning fellur úr gildi núgildandi samningur frá 1991 sem gerður var á milli Ólafsfjarðarbæjar og Skógræktarfélags Íslands til 50 ára.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þann 14. maí 2019 og vísað til úrvinnslu og umsagnar í skipulags- og umhverfisnefnd.

Málið var tekið fyrir á fundi skipulags- og umhverfisnefndar þann 21. maí 2019 og óskað eftir umsögn tæknideildar.

### Ákvæði Aðalskipulags Fjallabyggðar 2008-2028:

Á bls. 24 í aðalskipulaginu er ákvæði um við hvaða aðstæður skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum og jafnframt að ef skógrækt er ráðgerð á svæðum með aðra landnotkun skuli skipulags- og umhverfisnefnd veita umsögn um hvort fyrirhuguð skógrækt samræmist skipulagsáætlunum. Í stefnumörkuninni á bls. 24 er kveðið nánar um til hvaða þátta eigi að líta við matið, svo sem hvaða varðar landslag, minjar og vatnsból.

- **Landslag:**  
Skógræktin verður staðsett í austurhlíðum Ólafsfjarðar við Hornbrekkufjall ofan við íbúðabyggð. Gróðurfar einkennist af mólendi og lúpínubreiðum sem teygja sig til norðurs og suðurs. Skógræktin er talin hafa jákvæð áhrif á ásýnt brekkunnar.
- **Minjar:**  
Fornleifar eru skráðar á svæðinu, hafa þarf samráð við Minjastofnun Íslands við útgáfu framkvæmdaleyfis.
- **Vatnsból:**  
Vatnsból er ekki staðsett á umræddu svæði.

Svæðið sem um ræðir er að mestu á skilgreindu opnu svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins en hluti þess fer inn á fyrirhugað íbúðarsvæði.

Í aðalskipulagi Fjallabyggðar er gert ráð fyrir að opin svæði til sérstakra nota séu ætluð til almennrar útvistar. Í 1. gr. draga að samning um ræktun landgræðsluskóga kemur fram að markmið samningsins sé að stuðla að landvernd og tryggja íbúum sveitarfélagsins og almenningi svæði til útvistar um ókomna tíð. Það samræmist ákvæðum aðalskipulags um að vera opið almenningi til útvistar.

Í aðalskipulagi kemur fram að ekki skuli plantað alveg niður undir vatnsbakka og að a.m.k. 30-50m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.

Deiliskipulag snjóflóðavarna við Hornbrekku, Ólafsfirði:

Í gildi er deiliskipulag fyrir snjóflóðavarnir við Hornbrekku frá 2013. Taka þarf tillit til gönguskíðabrautar sem gert er ráð fyrir í skipulaginu.

Mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfi:

Framkvæmdin fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 en er háð framkvæmdaleyfi. Sækja skal um framkvæmdaleyfi í samræmi við 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 áður en framkvæmdir hefjast.

Lagt er til að tæknideild kortleggi nánar það svæði fyrir skógrækt sem samræmist ákvæðum aðalskipulags og deiliskipulags og taki tillit til eignarlóða og skíðasvæðis í Tindaöxl.

F.h. tæknideildar,



Íris Stefánsdóttir  
Skipulags- og tæknifulltrúi